

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 82/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32fa. **32002 L 0096:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðið „Ísland“ bætist við á eftir orðinu „Grikkland“ í a-lið 4. mgr. 17. gr.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/96/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.